

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/21/30

nr. 30/2015

frá 25. febrúar 2015

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/850/ESB frá 12. desember 2011 um reglur um tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB og 2008/50/EB að því er varðar gagnkvæm skipti á upplýsingum og skýrslugjöf um gæði andrúmslofts ⁽¹⁾.
- 2) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarákvörðunar 2011/850/ESB falla úr gildi ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB ⁽²⁾ og 2004/461/EB ⁽³⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 14c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB):

„14ca. **32011 D 0850**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/850/ESB frá 12. desember 2011 um reglur um tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB og 2008/50/EB að því er varðar gagnkvæm skipti á upplýsingum og skýrslugjöf um gæði andrúmslofts (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2011, bls. 86).“

2. Texti liðar 21ai (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB) og liðar 21aj (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2011/850/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. febrúar 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2011, bls. 86.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 68, 6.3.2004, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 78.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.